



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Fimmtudaginn 23. nóvember 2023 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Erla María Lárusdóttir, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Arnar Ólafur Viggósson og Ólafur Þór Ólafsson starfandi sveitarstjóri.

Arnór Tumi Finnsson verkefnastjóri fjármála sat fundinn undir 1.-3. dagskrárlið.
Magnús Barðdal sat fundinn undir 14. dagskrárlið.

Oddviti stjórnaði fundi, sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit janúar-september 2023 og framkvæmdayfirlit 2023.

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit sveitarfélagsins fyrir janúar-september 2023 og framkvæmdayfirlit fyrir 2023 sem sveitarstjóri og verkefnastjóri fjármála fóru yfir og útskýrðu. Voru yfirlitin lögð fram til kynningar.

2. Viðauki 3 við fjárhagsáætlun 2023

Fyrir fundinum lá tillaga að viðauka 3 við fjárhagsáætlun ársins sem verkefnastjóri fjármála fór yfir og útskýrði. Í tillögunni er gert ráð fyrir breytingum á rekstri sem nema 6 m.kr. í tekjur umfram gjöld, breytingu á framkvæmdaáætlun og frestun lántöku. Rekstrarniðurstaðan samkvæmt tillögu að viðauka 3 við áætlun verði því 55,5 m.kr. í gjöld umfram tekjur. Stærstu breytingar í rekstri tengjast auknu framlagi Jöfnunarsjóðs og fjármagnsliðum, á móti launagjöldum.

Var viðaukinn borinn upp til samþykktar og samþykktur samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.



3. Fjárhagsáætlun 2024 fyrri umræða

Fyrir fundinum lá fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og stofnana vegna 2024. Sveitarstjóri og verkefnastjóri fjármála fóru yfir áætlunina og gerðu grein fyrir helstu niðurstöðum.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa framlagðri áætlun til síðari umræðu.

4. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir þau málefni sem unnið hefur verið að á vettvangi sveitarfélagsins frá síðasta fundi. Var skýrslan flutt munnlega og til kynningar.

5. Uppsögn á samningi um samstarf

Tekið fyrir erindi oddvita Skagabyggðar dagsett 13. nóvember 2023 þar sem samstarfssamningi milli Sveitarfélagsins Skagastrandar og Skagabyggðar er sagt upp.

Samningurinn milli Höfðahrepps og Skagabyggðar frá 13. mars 2007, byggir á samstarfi um fræðslumál, félagsstarf og önnur mál s.s. slökkviliði.

Legið hefur fyrir að stjórnarsýslulega þyrfti að endurgera samninginn með tilliti til þess hvort setja ætti samstarfið í form byggðasamlags eða þar sem Skagaströnd yrði leiðandi sveitarfélag. Sveitarstjórn samþykkir að óskað verði eftir fundi með sveitarstjórn Skagabyggðar.

6. Skipun í stjórn Heimilisiðnarsafnsins

Lögð fram beiðni um skipun í stjórn Heimilisiðnarsafnsins á Blönduósi. Sveitarfélagið Skagaströnd og Skagabyggð eigi sameiginlegt val um fulltrúa.

Sveitarstjórn samþykkir skipun Helgu B Ingimarsdóttur sem fulltrúa í stjórn fyrir Skagabyggð og Skagaströnd.

7. Tjaldsvæðið Höfðahólum

Í framhaldi af samþykkt sveitarstjórnar á síðasta fundi, var auglýst eftir rekstraraðilum tjaldsvæðis. Tvö tilboð bárust.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka hærra tilboði sem barst frá fyrirtækinu Landamerki.

8. Ræktunarlönd – úthlutunarreglur

Rætt var um úthlutunarreglur á beitar- og ræktunarlöndum í eigu Sveitarfélagsins Skagastrandar.

Sveitarstjórn samþykkir að fela starfandi sveitarstjóra að vinna drög að reglum sem byggja á sambærilegum reglum annarra sveitarfélaga.



9. Málma – brotajárn og dekk

Lögð fram drög að þjónustusamningi við Málmaendurvinnsluna ehf. um kaup og þjónustu á brotamálmum og dekkjum sem falla til innan sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða samninginn og felur starfandi sveitarstjóra að undirrita.

10. Úttekt á brunavörnum Höfðaskóla

Í erindi skólastjóra Höfðaskóla frá 13. nóvember 2023, er þess óskað að sveitarstjórn bregðist við athugasemdum sem komu fram í úttekt slökkviliðsstjóra á húsnæði skólans, með því að veita fjármagni til úrbóta.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa erindinu til gerðar fjárhagsáætlunar 2024.

11. Yfirlýsing fundar bæjarstjóra Barnvænna sveitarfélaga

Yfirlýsing sem samþykkt var í Hörpu, 2. nóvember 2023, var lögð fram til kynningar.

12. Störf undanþegin verkfallsheimild á árinu 2024 hjá Sveitarfélaginu Skagaströnd

Þar sem svör hafa ekki borist frá öllum stéttarfélögum, frestast afgreiðsla þessa dagskrárliðar.

13. Þjónustustefna í byggðum og byggðarlögum sveitarfélaga

Lagt fram erindi til kynningar frá skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála hjá Innviðaráðuneytinu, um nýtt ákvæði í sveitarstjórnarlögum sem skyldar sveitarstjórnir að móta stefnu um þjónustustig það sem sveitarfélag hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðakjörnum viðkomandi sveitarfélags.

14. Kynning SSVN á tillögum um atvinnuuppbyggingu er unnar voru með sveitarstjórn Skagastrandar

Á fund sveitarstjórnar kom starfsmaður Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Magnús Barðdal og kynnti niðurstöðu á tillögum um atvinnuuppbyggingu á Skagaströnd. Sveitarstjórn samþykkir að unnið verði áfram með þær tillögur sem kynntar voru.



15. Jafnréttisstofa - ábending

Lögð fram til kynningar ábending frá Jafnréttisstofu til sveitarfélaga um mikilvægi kynja- og jafnréttissjónarmiða við stefnumótun og ákvarðanatöku í breytingum á fyrirkomulagi leikskóla.

16. Þjónustusamningur Sveitarfélagsins Skagastrandar og Hjallastefnunnar leikskólar ehf. um rekstur leikskólans Barnabóls

Í tengslum við undirbúning að frágangi og undirritun þjónustusamningsins við Hjallastefnuna, dagsetningar, vísitölur og launaviðmið, þá lagði fulltrúi Hjallastefnunnar fram aðra og betri nálgun á launalið, samningsins, til þess að meta launaþróun og breytingar á kjarasamningum. Í fyrri samningi hefur eingöngu verið miðað við háskólamenntað starfsfólk, en ekki almennan starfsmann.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu að breytingu á þjónustusamningi.

17. Fundargerðir:

1. Stjórn SSNV nr. 100 frá 7. nóvember 2023

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra nr. 100.

2. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 935-937 fyrir tímabilið 16. október til 12. nóvember 2023

Lagðar fram til kynningar fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 935 til 937.

18. Önnur mál

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.12:30

Halldór Gunnar Ólafsson

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Erla María Lárusdóttir

Péturína L. Jakobsdóttir



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

1281-74

Arnar Ólafur Viggósson

Arnar Ólafur Viggósson

Ólafur Þór Ólafsson